

Föstudaginn 20. maí 1955.

Nr. 13/1954. **Stefán Björnsson og Jóhann Friðriksson**
(Ragnar Jónsson)
gegn

H/f Goða (Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1954, gera þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir og að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum að mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur stefndi fyrst og fremst stutt kröfur sínar á hendur áfrýjendum þeim rökum, að á fundinum að Vífilsstöðum í september 1951, sem frá er skýrt í héraðsdómi, hafi áfrýjendur tekið að sér að greiða stefnda reikninga hans fyrir steypuvinnu við húsið Hraunteig 13 hér í bæ, sem á félli eftir fund þenna. En þegar af þeirri ástæðu, að máli þessu hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður héraðsdómur að standa óhaggaður, að því er úrlausn þessa atriðis varðar.

Svo sem segir í héraðsdómi, hafa áfrýjendur viðurkennt, að á framangreindum fundi hafi verið um það rætt, að þeir skyldu ekki framvegis inna neinar greiðslur af hendi til Óskars Sveinssonar án þess, að Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri stefnda, eða Stefán Gíslason trésmíðameistari væru viðstaddir, svo að peningarnir gætu runnið til þeirra. Jafnvel þótt orðræður þessar yrðu skoðaðar sem skuldbinding af hálfu áfrýjenda um þetta efni, þykir eigi rétt að líta svo á, að hún hafi náð til annarra greiðslna en þeirra, sem áfrýjendum bar að inna af hendi til Óskars samkvæmt kaupsamningum þeirra um Hraunteig 13. Kaupverð áfrýjenda samkvæmt samningum þessum var samtals kr. 280.000.00,

en af þeirri fjárhæð höfðu áfrýjendur þá þegar greitt Óskari kr. 189.000.00. Námu ógreiddar eftirstöðvar því kr. 91.000.00. Á fundi þessum gerðust áfrýjendur ábyrgðarmenn á víxli, að fjárhæð kr. 36.000.00, er Óskar Sveinsson samþykkti, en síðan var hann greiddur af áfrýjendum. Rann fjárhæð víxilsins til stefnda og Stefáns Gíslasonar. Hinn 3. október 1951 greiddu áfrýjendur Óskari Sveinssyni kr. 50.645.00, að viðstöddum Haraldi Bjarnasyni, og runnu kr. 30.000.00 af þeirri fjárhæð samtímis til stefnda, en skömmu síðar greiddi Óskar Sveinsson nokkurn hluta eftirstöðvanna til Stefáns Gíslasonar. Er eigi fullsannað, hversu há sú fjárhæð var. Á tímabilinu 22. október 1951 til 8. marz 1952 greiddu áfrýjendur síðan samtals kr. 31.700.00 til Stefáns Gíslasonar. Hafði þá samtals runnið til stefnda og Stefáns Gíslasonar eftir framangreindan fund kr. 36.000.00 + kr. 30.000.00 + kr. 31.700.00, samtals kr. 97.700.00, úr hendi áfrýjenda auk fjárhæðar þeirrar, sem Óskar Sveinsson innti af hendi til Stefáns Gíslasonar af greiðslum áfrýjenda 3. október 1951. Verður því krafa á hendur áfrýjendum til greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem um er deilt í máli þessu, ekki reist á þeim orðræðum, sem að framan eru greindar. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3500.00.

Dómsorð :

Áfrýjendur, Stefán Björnsson og Jóhann Friðriksson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, h/f Goða í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. f. m., hefur h/f Goði, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. marz 1952, gegn þeim Stefáni Björnssyni, Skólavörðustíg 33, og Jóhanni Friðriks-

syni, Bergstaðastræti 28, báðum hér í bænum. Hefur stefnandi krafizt þess aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 32.340.10 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu svo og að staðfest verði með dómi löghald, sem framkvæmt var hjá stefndu hinn 20. marz 1952, til tryggingar kröfum þessum. Til vara krefst stefnandi þess, að framangreindar kröfur hans verði teknar til greina, ef framkvæmdastjóri stefnanda, Haraldur Bjarni Bjarnason, vinnur að því eið eða drengskaparheit, að stefndu hafi lofað að greiða stefnanda byggingarkostnað hússins nr. 13 við Hraunteig. Til þrautavara krefst stefnandi þess, að aðalkrafa hans verði til greina tekin, nema stefndu synji fyrir það með eigi eða drengskaparheiti, að þeir hafi lofað greiðslu fyrrnefnds byggingarkostnaðar.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Sumarið 1950 varð það að samkomulagi með framkvæmdastjóra stefnanda og Óskari Anton Sveinssyni húsateignara, að stefnandi steypti hús fyrir Óskar á lóðinni nr. 13 við Hraunteig, hér í bænum. Hófst verkið í júlímánuði þá um sumarið, og var gengið frá grunni hússins og kjallaraplötu á því ári. Í júní og júlí 1951 greiddi Óskar til stefnanda samtals kr. 17.500.00, og var verkinu þá haldið áfram og lokið við að steypa upp kjallarann um miðjan júlí. Þá var verkinu hætt í bili, að því er virðist fyrir þá sök, að Óskar skuldaði stefnanda þá um kr. 26.000.00. Með kaupsamningi, dags. 16. maí 1950, hafði Óskar selt stefnda Stefáni efri hæð og rishæð hins væntanlega húss, og með samningi, dags. 23. okt. 1950, seldi Óskar stefnda Stefáni einnig neðri hæð og kjallaraíbúð húss þessa, en viðurkennt er í flutningi máls þessa, að stefndi Jóhann hafi gengið inn í samninga þessa við hlið stefnda Stefáns. Um sumarið og haustið, eftir að stefnandi var hættur við verkið, ræddu stefndu og Óskar Sveinsson um það við framkvæmdastjóra stefnanda, að verkinu yrði haldið áfram. Í síðara hluta september 1951 höfðu allir þessir menn fund með sér til að reyna að ná samkomulagi um framhald verksins, og sat Stefán Gíslason trésmíðameistari einnig fundinn, en hann hafði annazt trésmíði við húsbygginguna og átti hann fyrir það verk kr. 10.000.00 hjá Óskari. Er fundur þessi var haldinn, var Óskar á Vífilstaðahæli vegna vanheilsu, og fóru hinir allir til fundar við hann í bifreið framkvæmdastjórans, og fór fundurinn fram í bifreiðinni. Gerðist þar m. a. það, að Óskar samþykkti víxil að fjárhæð kr. 36.000.00, en annar stefndu gaf út víxilinn, en hinn stefndi var ábekingur. Vixil þenna tóku þeir Stefán Gíslason og framkvæmdastjóri stefnanda sem greiðslu á skuld Óskars, þeim er fyrr var sagt frá, og jafnframt ákváðu þeir að halda áfram byggingu hússins. Þegar lokið var að steypa neðri hæð hússins, gekk framkvæmdastjórinn eftir greiðslu fyrir þann hluta verksins hjá stefndu og greiddu þeir þann kostnað, kr. 30.000.00, hinn 5. október 1951 og

höfðu þann hátt á greiðslunni, er fór fram á heimili Óskars að framkvæmdastjóra stefnanda viðstöddum, að stefndi Stefán greiddi Óskari fjárhæðina gegn kvittun hans, en hann afhenti féð framkvæmdastjóranum samstundis. Stefnandi hélt áfram byggingunni og lauk steypu efri hæðar um mánaðamót nóvember-desember 1951 og rishæðar um mánaðamót febrúar-marz 1952. Reikningar stefnanda fyrir verkið í heild nema kr. 105.840.10, en eins og rakið hefur verið hér að framan, var hann búinn að fá greiddar kr. 73.500.00. Eftirstöðvarnar, kr. 32.340.10, krafði stefnandi stefndu um, en árangurslaust. Hinn 18. marz 1952 er dagsett samkomulag stefndu við Óskar um það, að húsið skuli talið í „sanningshæfu standi“ og afhent frá og með undirskrift samkomulagsins. Hinn 20. s. m. lét stefnandi leggja löghald á húsið og höfðaði síðan mál þetta, svo sem fyrr var sagt.

Stefndandi styður kröfu sína á hendur stefndu þeim rökum, að þeir hafi á fyrrgreindum fundi við Vífilstaðahæli tekið að sér að greiða byggingarkostnað hússins. Framkvæmdastjóri stefnanda hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að áður en nefndur fundur var haldinn, hafi hann og stefndi Jóhann orðið ásáttir um, að heppilegast væri, að stefndu tækju að sér gagnvart stefnanda að greiða byggingarkostnaðinn, bæði þann hluta, sem Óskar Sveinsson skuldaði þá, og þann, er síðar kæmi til. Þetta samkomulag hafi stefndi Stefán síðar staðfest. Á fundinum í bifreiðinni hafi þeir enn lýst yfir því, að þeir tækju að sér að greiða væntanlegan byggingarkostnað hverrar hæðar hússins, jafnskjótt og steypu væri lokið. Hann kveðst og hafa tjáð stefndu þegar í upphafi, að stefnandi myndi ekki halda áfram verkinu, fyrr en skuldin væri greidd og tryggt yrði, að verkið yrði greitt framvegis. Þá skýrir hann enn svo frá, að þegar steypu efri hæðar var lokið, hafi stefndu, annaðhvort annar eða báðir, tjáð sér, að þeir væru peningalausir og myndu ekki fá lán út á húsið, fyrr en það væri fokhelt.

Stefán Gíslason, sem fyrr var nefndur og tók þátt í margnefndum fundi, hefur komið fyrir dóm og skýrt m. a. frá því, að stefndu hafi á fundi þessum tekið að sér án nokkurrar tregðu að greiða áframhaldandi byggingarkostnað hússins. Óskar Sveinsson hefur einnig komið fyrir dóm. Kvaðst hann líta svo á, að sér bæri að greiða allar réttmætar kröfur stefnanda í sambandi við húsbygginguna. Hann kvaðst ekki vita til þess, að stefndu hafi nokkru sinni tekið að sér að greiða steypuvinnu þá, sem unnin var eftir fundinn. Hann kvað ekki hafa verið rætt, svo að hann vissi, um það á fundinum í bifreiðinni, að stefndu tækju að sér greiðslu áframhaldandi kostnaðar við steypuna. Vætti Óskars var mótmælt sem röngu og óstaðfestu, og hefur hann eigi verið látinn staðfesta það fyrir dómi.

Stefndu byggja varnir sínar á aðildarskort. Telja þeir sig eigi hafa haft aðrar né meiri skyldur í þessum efnum en þær, er greinir í fyrrnefndum kaupsamningum, og þær eingöngu gagnvart Óskari

Sveinssyni. Kröfu stefnanda sé því ranglega gegn sér beint. Þeir hafa báðir komið fyrir dóm og neitað því eindregið að hafa nokkru sinni tekið að sér gagnvart stefnanda að greiða til hans kostnaðinn af verki þessu. Þeir hafi gert það eitt að ábyrgjast fyrrgreindan vixil fyrir Óskar í því skyni að fá stefnanda til að halda áfram verkinu, en um fram það hafi þeir enga ábyrgð tekið á skuldum Óskars við stefnanda. Hitt eru stefndu sammála um, að á fundinum í bifreiðinni hafi verið rætt um það, að þeir skyldu ekki framvegis inna neinar greiðslur af hendi til Óskars, án þess að framkvæmdastjóri stefnanda eða fyrrnefndur Stefán Gíslason væru viðstaddir, svo að peningarnir gætu runnið til þeirra. Stefndi Stefán telur, að þetta hafi verið efnt, og vísar til þess, að þegar steypu neðri hæðar var lokið, gerðu þeir framkvæmdastjóranum aðvart, áður en þeir greiddu Óskari, enda var hann viðstaddur og rann féð til hans. Eftir það hafi Óskar ekkert verið greitt af kaupverði hússins án þess að annarhvor framangreindra manna væri viðstaddur og fengi fé það, sem greitt var.

Gegn hinum eindregnu andmælum stefndu þykir stefnandi eigi hafa fært sönnur á staðhæfingu sína um loforð þeirra um greiðslu byggingarkostnaðarins og eigi þykja efni til þess í málinu, að úrslit þess verði látin koma undir eiði aðilja né drengskaparheiti. Hitt er ljóst, að stefnandi mátti treysta því, að stefndu greiddu Óskari Sveinssyni ekki eftirstöðvar kaupverðs hússins öðruvísi en að framkvæmdastjóra stefnanda yrði gefinn kostur á að vera viðstaddur og gæta hagsmuna hans. Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla stefndu um greiðslur þeirra til Óskars Sveinssonar svo og greiðsludag. Hefur stefndi Stefán staðfest skýrslu þessa fyrir dómi. Af henni sést, að þeir hafa greitt Óskari alls kr. 325.088.43, en í þeirri tölu er falin fjárhæð frammannefnds víxils kr. 36.000.00. Stefndu innleystu víxil þenna, er hann féll í gjalddaga 20. desember 1951, en síðan hafa þeir fengið Óskar dæmdan til greiðslu hans. Samkvæmt skýrslu þessari hafa stefndu greitt Óskari kr. 189.000.00, áður en margnefndur fundur var haldinn, en kr. 136.088.43 eftir þann tíma, og er þar með talinn nýnefndur víxill, þannig að peningagreiðslur þeirra til Óskars sjálfs virðast hafa numið kr. 100.088.43. Af þeirri fjárhæð fékk stefnandi kr. 30.000.00 eins og fyrr segir. Eigi hefur því verið hreyft, að framkvæmdastjóra stefnanda hafi, eftir að sú greiðsla fór fram, verið veittur kostur á að gæta hagsmuna stefnanda, þegar síðari greiðslur til Óskars, samtals að fjárhæð kr. 70.088.43 fóru fram, en af þessari fjárhæð voru samkvæmt skýrslunni kr. 49.443.43 greiddar 23. október 1951 eða síðar. Af þeirri fjárhæð munu Stefáni Gíslasyni hafa verið greiddar ca kr. 10.000.00 eða ca kr. 15.000.00, hið fyrra að sögn stefnda Stefáns, en hið síðara að sögn Stefáns Gíslasonar. Hvor fjárhæðin sem réttari er, lækka þó framangreindar tölur ekki niður fyrir kröfu stefnanda, og samkvæmt öllu framanrituðu þykir því bera að taka hana til greina

og dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 32.340.10 með vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um staðfesting löghaldsins, sem réttilega var til laga haldið.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefndu, Stefán Björnsson og Jóhann Friðriksson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, h/f Goða, kr. 32.340.10 með 6% ársvöxtum frá 25. marz 1952 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1955.

Nr. 5/1954. **Jón Guðjónsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Skarphéðni Kristbergssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 14. janúar 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4585.37 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann og, að staðfest verði til tryggingar dæmdum fjárhæðum löghald það, sem gert var í fógetadómi Reykjavíkur 26. júlí 1952 og í málinu getur. Til vara krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi stefnda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt í máli þessu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.